

| | |
|-------------------------------|--------------------------|
| Halldórsreitur | Þormóður rammi hf. |
| Sæbyreitur | Þormóður rammi hf. |
| Jakobsensreitur, Gránug. 7 | Þormóður rammi hf. |
| Kveldúlfsreitur | Þormóður rammi hf. |
| Hjaltalínsreitur | Silfurborg sf. |
| Friðleifsreitur | Ísafold sf. |
| Helgareitur | Ísafold sf. |
| Óskarssild | Dagur hf. |
| Snorrabraut 7 | Skafti Stefánsson. |
| Snorrabraut 11 | Sildarsöltun Ísfirðinga. |
| Snorrabraut 15, (Íshús) | Ásgeir Pétursson hf. |
| Snorrabraut 17, (Bein) | Ásgeir Pétursson hf. |
| Snorrabraut 19, Ásgeirsreitur | Ásgeir Pétursson hf. |

Enn fremur áskilur Siglufjarðarkaupstaður sér forkaupsrétt á allri strandlengjunni austan fjarðarins, frá Álfról út að Siglunesskriðum 150 m frá fjöruborði til fjalls, miðað við stórstraumsflóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og gildir í 5 ár frá og með deginum í dag að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. nóvember 1975.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Guðmundur Karl Jónsson.

2. desember 1975.

Nr. 510.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Hveragerði.

1. gr.

Hundahald er bannað í Hveragerði.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppnum, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið er ákveðið fyrir eitt ár í senn. Upphæð gjaldsins skal miðuð við kostnað af eftirliti með hundum í hreppnum. Hundar sem eru notaðir við búrekstur á lögbýlum svo og leiðsöguhundar fatlaðra eru undanþegnir þessu gjaldi.
- Skýlt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi, svo og kvittun fyrir hundahreinsun.

- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús né matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa þorpsins, og séu hvorki þeim né öðrum, sem um þorpið fara til óþæginda.
- f) Hund eiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum er varða árlega breinsun hunda).

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund á kostnað eiganda. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt Hveragerðishrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi 1. janúar 1976.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um hundahald í Hveragerði nr. 79 7. apríl 1952.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. desember 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski og á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1975:

Óverkaður saltfiskur

| | |
|------------------------|------------|
| Stórfiskur nr. I | kr. 247.00 |
| Millifiskur nr. I | — 236.00 |
| Smáfiskur 40/60 nr. I | — 192.00 |
| Smáfiskur 60/100 nr. I | — 164.00 |

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Söltuð ufsaflök

| | |
|-------|------------|
| 15/20 | kr. 230.00 |
| 21/25 | — 222.00 |
| 26/30 | — 214.00 |
| 31/35 | — 206.00 |
| 36/40 | — 198.00 |